



# TækniSETUR ehf

Ársreikningur 2022

TækniSETUR ehf  
Kt 440621-1040  
Árleyni 2-8  
112 Reykjavík

## Efnisyfirlit

Áritun ríkisendurskoðanda .....	3
Áritun óháðra endurskoðenda .....	4-5
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	6
Rekstrarreikningur ársins 2022 .....	7
Efnahagsreikningur 31. desember 2022 .....	8
Yfirlit um sjóðstreymi 2022 .....	9
Skýringar .....	10-13

# Áritun ríkisendurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Tækniseturs ehf.

### Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr laganna

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðun var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 2023

Guðmundur B. Helgason  
ríkisendurskoðandi  
undirritað rafrænt

# Áritun óháðra endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Tækniseturs ehf

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tækniseturs ehf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Tækniseturs ehf. 31. desember 2022, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022 í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda í árituninni. Við erum óháð Tækni-setri ehf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Tækniseturs ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

**Ríkisendurskoðun, 2023**

**Óskar Sverrisson**  
endurskoðandi  
undirritað rafrænt

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tæknisetur ehf. er óhagnaðardrifð einkahlutafélag, alfarið í eigu ríkisins. Tæknisetur byggir á fyrrum starfsemi og tækjabúnaði Efnis, líf- og orkutækni og Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og tók við starfsfólki, réttindum og skyldum sem tengdust þeirri starfsemi, s.s. rannsóknnum, þróunarverkefnum og þjónustumælingum.

Í dag eru yfir í tuttugu tæknifyrirtæki með aðstöðu á TækniSetri. Þessi fyrirtæki starfa á breiðu sviði en eiga það flest sammerkt að vera í tækniþróun og hafa hag af því að nýta þá aðstöðu sem í boði er á TækniSetri. Horft er til þess að þessi fjöldi tæknifyrirtækja geti vaxið enn frekar og Tæknisetur geti komið að bættu aðgengi að og/eða rekstri rannsóknarinnviða víðar en í núverandi húsnæði, með faglegri umgjörð og byggt á samstarfssamningum.

Undir lok árs 2021 var gerður þjónustusamningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og TækniSeturs sem gildir til ársloka 2023. Undirbúningur er hafinn að gerð nýs þjónustusamnings.

Hlutverk TækniSeturs er að auðvelda framþróun og verðmætasköpun á sviði hátækni með því að bjóða uppá víðtækan aðgang að nauðsynlegri aðstöðu og innviðum til rannsókna og nýsköpunar. Unnið er markvisst að því að nýta deilihagkerfið og tækni til að auka samlegð og samvinnu eiganda innviða til rannsókna og nýsköpunar, til hagsbóta fyrir háskóla, frumkvöðla, stofnanir og fyrirtæki. Tæknisetur hefur jafnframt það hlutverk að annast rekstur og tryggja jafnt aðgengi að frumkvöðlaaðstöðu (húsnæði og tækjabúnaður) á sviði hátækni, verkfræði, raunvísinda og skyldra greina, og vera leiðandi samstarfsaðili hátækninýsköpunar á Íslandi.

Á árinu 2022 var velta félagsins kr 417,9 milljónir og afkoma kr 15,1 milljónir. Niðurstaða efnahagsreiknings er hrein eign kr 229,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr 484,4 milljónir.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning TækniSeturs ehf fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 2023

Stjórn:

Ágúst Valfells  
Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir  
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir  
Sigurður M. Garðarsson  
Þór Sigfússon

Framkvæmdastjóri:

Guðbjörg H. Óskarsdóttir

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2022

	Skýr.	2022	1.7.21-31.12.2021
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Rekstrartekjur .....	3	417.855.810	176.375.202
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		417.855.810	176.375.202
 <b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	212.667.049	95.295.816
Annar rekstrarkostnaður .....	10	145.536.297	64.108.247
Afskriftir .....	5	47.765.375	15.173.345
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		405.968.721	174.577.408
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði .....		 11.887.089	 1.797.794
<b>Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur .....		1.842.785	105.994
Vaxtagjöld .....		(62.138)	(325.325)
Gengismunur .....		1.400.308	0
<b>Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)</b>		3.180.955	(219.331)
 Afkoma fyrir opinber gjöld .....	 6	 15.068.044	 1.578.463
<b>Hagnaður ársins (tímabilsins)</b>		15.068.044	1.578.463

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>			
Innanstokksmunir/tölvubúnaður .....	5	5.126.037	9.580.219
Rannsóknartæki .....	5	90.293.646	127.692.519
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir samtals</b>		<b>95.419.683</b>	<b>137.272.738</b>
<b>Rekstrarfjármunir samtals</b>		<b>95.419.683</b>	<b>137.272.738</b>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	75.884.076	41.895.235
Vörslufé vegna verkefna .....	7	195.740.787	98.571.254
Handbært fé .....	7	117.373.301	70.840.551
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>388.998.164</b>	<b>211.307.040</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>484.417.847</b>	<b>348.579.778</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....		212.446.083	212.446.083
Óráðstafað eigið fé .....		1.578.463	0
Hagnaður ársins .....		15.068.044	1.578.463
<b>Eigið fé samtals</b>	8	<b>229.092.590</b>	<b>214.024.546</b>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....	9	59.584.470	35.983.978
Vörslufé (skuldbinding) vegna verkefna .....	9	195.740.787	98.571.254
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>255.325.257</b>	<b>134.555.232</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>484.417.847</b>	<b>348.579.778</b>



# Yfirlit um sjóðstreymi 31. desember 2022

	Skýr.	2022	1.7.21-31.12.2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		15.068.044	1.578.463
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: .....			
Afskriftir .....		47.765.375	15.173.345
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>62.833.419</b>	<b>16.751.808</b>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		(131.158.374)	(140.466.489)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		120.770.025	134.555.232
<b>Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda</b>		<b>(10.388.349)</b>	<b>(5.911.257)</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>52.445.070</b>	<b>10.840.551</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Innréttingar, tölvubúnaður og rannsóknartæki .....	5	(5.912.320)	(152.446.083)
<b>Fjármögnunarahreyfingar samtals</b>		<b>(5.912.320)</b>	<b>(152.446.083)</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar:</b>			
Framlag - fjármagn á höfuðstól .....		0	60.000.000
Sérstakt framlag vegna fastafjármuna .....		0	152.446.083
<b>Fjármögnunarahreyfingar samtals</b>		<b>0</b>	<b>212.446.083</b>
Breyting handbærs fjár á árinu .....		46.532.750	70.840.551
Handbært fé í ársbyrjun .....		70.840.551	0
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>117.373.301</b>	<b>70.840.551</b>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Tæknisetur ehf. er einkahlutafélag stofnað með heimild í 2. gr. laga um opinberan stuðning við nýsköpun nr. 25/2021 og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er að fullu í eigu ríkissjóðs og fer fjármála – og efnahagsráðherra með hlut ríkisins í félaginu.

Tilgangur félagsins er að annast rekstur tækniseturs á sviði hátækni, verkfræði, raunvísinda og skyldra greina og að vera leiðandi stuðningsaðili hátækninýsköpunar á Íslandi. Hlutverk félagsins er að starfrækja rannsóknar- og tækjaaðstöðu fyrir atvinnulíf, háskóla og rannsóknarstofnanir. Félagið stundar iðnaðarrannsóknir, prófanir, vottanir og fræðslu auk þess að skapa sér forsendur til að þróa starfsemina með áherslu á rannsóknir, þróun og nýsköpun í þeim tilgangi að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Félagið er óhagnaðardrifid. Hagnaði af rekstri félagsins skal aðeins ráðstafað til eflingar og uppbyggingar starfseminnar í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur út arður úr félaginu.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/2019. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðisreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Reikningsskilaaðferðir

#### Innlausn tekna

Rekstrartekjur eru vegna seldrar sérfræðivinnu og leigutekna af húsnæði, tækjum og búnaði. Leigutekjur af húsnæði, tækjum og búnaði eru færðar í samræmi við leigusamninga eða á því tímabili sem þær falla til. Tekjur vegna rannsóknarverkefna eru færðar í lok þess tímabils sem vinna þeirra er gerð upp. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

#### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

#### Erlendar eignir og skuldir

Eignir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

#### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

#### Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en eins árs teljast til handbærs fjár.

## Skýringar frh.

3. Tekjur	2022	2021
<b>Þjónustusamn. við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</b>		
Þjónustusamn. við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti .....	124.000.000	60.000.000
<b>Seld þjónusta</b>		
Tekjur af rannsóknar og þróunarverkefnum .....	149.829.913	48.271.249
Seld þjónusta .....	82.145.536	47.963.154
<b>Húsaleiga, tækja- og áhaldaleiga</b>		
Húsaleiga .....	52.556.759	16.452.799
Áhaldaleiga til frumkvöðla .....	714.802	448.000
Innheimt vegna mötuneytis .....	8.608.800	0
<b>Önnur framlög og vörusala</b>		
Framlag frá NMI v/ viðhalds húsnæðis .....	0	3.000.000
Seldir smáhlutir .....	0	240.000
<b>Tekjur samtals:</b>	<b>417.855.810</b>	<b>176.375.202</b>

## 4. Starfsmannamál

Laun og annar starfsmannakostnaður á árinu 2022. Meðalfjöldi ársverka var 14 og fjöldi starfsmanna í árslok var 16. Laun framkvæmdastjóra án launatengdra gjalda námu 17,9 m.kr. á árinu 2022.

	2022	2021
Laun .....	159.646.264	68.292.618
Stjórnarlausn .....	5.531.000	4.669.276
Dagpeningar .....	906.597	0
Launatengd gjöld .....	37.105.704	14.724.216
Annar starfsmannakostnaður .....	702.759	582.459
Breyting orlofsskuldbindingar .....	8.774.725	7.027.247
<b>Laun og launatengd gjöld samtals</b>	<b>212.667.049</b>	<b>95.295.816</b>

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Breyting varanlegra rekstrarfjármuna á árinu greinist þannig:

	Ahöld/tæki og innréttingar	Rannsóknartæki	Samtals:
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	10.565.508	141.880.575	152.446.083
Eignfært á árinu .....	0	5.912.320	5.912.320
Staða í árslok .....	10.565.508	147.792.895	158.358.403
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	985.289	14.188.056	15.173.345
Afskrift ársins .....	4.454.182	43.311.193	47.765.375
Staða í árslok .....	5.439.471	57.499.249	62.938.720
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	9.580.219	127.692.519	137.272.738
Bókfært verð í árslok .....	5.126.037	90.293.646	95.419.683
<b>Afskriftarhlutfall</b>	<b>10%</b>	<b>10-40%</b>	

## Skýringar frh.

### 6. Skattamál

Tæknisetur ehf mun sækja um staðfestingu þess efnis að félagið teljist til óskattskyldra aðila skv 4. gr laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Umsókn er send samhliða framtalsskilum og því er ekki gert ráð fyrir greiðslu tekjuskatts vegna rekstrarmiðurstöðu ársins.

Sambærileg umsókn var samþykkt af Skattinum vegna rekstrarársins 2021.

### 7. Aðrar peningalegar eignir

<b>Viðskiptakröfur</b>	<b>31.12.2022</b>
Almennar viðskiptakröfur .....	60.021.198
<b>Viðskiptakröfur samtals</b>	<b>60.021.198</b>
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>	
Afdreginn fjármagnstekjuskattur .....	380.431
Ofgreidd opinber gjöld v 2021 .....	315.692
Fyrirframgreiðsla v fjárfestingar 2023 .....	14.110.956
Óinnheimtur VSK v sérfræðiþjónustu .....	1.055.799
<b>Aðrar skammtímakröfur samtals:</b>	<b>15.862.878</b>
<b>Vörslufé vegna verkefna</b>	
Bankainnistæður í erlendri mynt .....	195.740.787
<b>Vörslufé vegna verkefna samtals:</b>	<b>195.740.787</b>
<b>Handbært fé</b>	
Bankainnistæður í íslenskum krónum .....	93.778.088
Bankainnistæður í erlendri mynt .....	23.595.213
<b>Handbært fé samtals</b>	<b>117.373.301</b>

### 8. Eigið fé

Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningum:

<b>2022</b>	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hlutafé .....	212.446.083	1.578.463	214.024.546
Hagnaður ársins .....	0	15.068.044	15.068.044
<b>Eigið fé 31. desember 2022</b>	<b>212.446.083</b>	<b>16.646.507</b>	<b>229.092.590</b>

<b>2021</b>	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2021 .....	0	0	0
Innborgað hlutafé .....	60.000.000	0	60.000.000
Innborgað hlutafé í formi fastafjármuna .....	152.446.083	0	152.446.083
Hagnaður ársins .....	0	1.578.463	1.578.463
<b>Eigið fé 31. desember 2021</b>	<b>212.446.083</b>	<b>1.578.463</b>	<b>214.024.546</b>

## Skýringar frh.

---

### 9. Aðrar peningalegar skuldir

<b>Viðskiptaskuldir</b>	<b>31.12.2022</b>	
Innlendar viðskiptaskuldir .....	10.613.044	
Erlendar viðskiptaskuldir .....	16.375.778	
<b>Viðskiptaskuldir samtals:</b>	<b>26.988.822</b>	
<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>		
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	6.129.819	
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	10.663.857	
Orlofsskuldbinding .....	15.801.972	
<b>Aðrar skammtímaskuldir samtals:</b>	<b>32.595.648</b>	
<b>Vörslufé vegna verkefna</b>		
Innlendar viðskiptaskuldir .....	195.740.787	
<b>Vörslufé samtals:</b>	<b>195.740.787</b>	

### 10. Annar rekstrarkostnaður

	2022	2021
Húsnæðiskostnaður .....	82.903.661	45.645.399
Verkefnakostnaður .....	36.628.457	7.723.015
Skrifstofukostnaður .....	26.004.179	10.739.833
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>145.536.297</b>	<b>64.108.247</b>